



# Greinargerð og frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til kaupa á tveimur olíuflutningaskipum.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmaál – Dómsmálaráðherra – Utanríkisráðherra – Greinargerð – Frumvarp – Heimild – Ábyrgðir – Lán – Skip – Skipakaup – Olíuflutningaskip

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmaálamaðurinn  
Askja 2-14, Örk 10

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frumvarp til laga

um

heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til kaupa á tveimur olíuflutningaskipum.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir Samband íslenskra samvinnufélaga og Olíufélagið h/f sameiginlega lán til kaupa á olíuflutningaskipi allt að 50 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast fyrir Olíuverzlun Íslands h/f, h/f Eimskipafélag Íslands og h/f Shell á Íslandi sameiginlega lán til kaupa á olíuflutningaskipi allt að 50 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Félög þau, er um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar ábyrgist bæði fyrir annað og annað fyrir bæði greiðslu láns þess, er þau kunna að taka. Svo skulu og félög þau, er nefnd eru í 2. mgr. vera eitt fyrir öll og öll fyrir eitt ábyrg fyrir því láni, er þau kunna að taka.

Þá er það og skilyrði fyrir ábyrgðum þessum, að ríkissjóði verði settar þær tryggingar, er ríkisstjórnin metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.



alt. Hingard  
B. einvall  
Greinargerð. 1. og

Þótt kaupskipastóll landsmanna hafi aukist mjög hin síðari ár hefir þó um alla olíuflutninga til landsins ein-  
göngu orðið að treysta á erlend leiguskip, þar að íslenskir  
aðilar hafa enn eigi eignast skip, er annast getu slíka  
flutninga. Hefir hin síðari ár verið varið tugum milljóna  
króna í erlendum gjaldeyri á ári hverju til greiðslu á leig-  
um fyrir olíuflutningaskip. Þegar þetta er haft í huga svo  
og að olíumagn það, er til landsins er flutt, vex ár frá ári,  
ná vera ljóst, hve mikilsvert er þjóðhagslega að landsmenn  
sjálfir geti tekið olíuflutningana í sínar hendur. Auk þessa  
ettu Íslendingar sem eyðjóð, með auknum skipakosti að hafa  
aðstöðu til í vaxandi mæli að afla verðmæta með siglingum í  
þágu annarra þjóða.

Af framangreindum ástæðum telur ríkisstjórnin sjálfsagt  
að greiða fyrir því, að Íslendingar geti sjálfir eignast skip  
til að beta úr þessari brýnu þörf og fer því fram á heimild  
Alþingis til þess að mega veita ríkisábyrgð fyrir lánum til  
kaupa á tveimur olíuflutningaskipum svo sem nánar greinir í  
frumvarpinu sjálfu.

Þá er það og skilyrði fyrir þessum lánum, að ríkið  
sjálf verði settar þar tryggingar, er ríkisstjórnin notar  
gildir.

2. gr.

Þessi þessi dæmi þegar til.



Ráðherrarnir skipi einn mann hver til þess að endurskoða útgjöld ríkisins, lögboðin og ólögboðin með sparnaði fyrir augum.

Fulltrúar ráðherranna skipuleggi starfið sameiginlega og skifti með sér verkum. Fulltrúi fjármálaráðherra stýri fundum þeirra. Þeir skulu miða starf sitt við það að sem flestar tillögur þeirra geti komið til meðferðar í sambandi við undirbúning næsta fjárlagafrumvarps.